

Nd.

38. Álit

um frv. til laga um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekki haft tók á að ræða frv. þetta svo vel sem hún hefði óskað, og getur því vel verið, að henni hafi sjest yfir galla, sem kunna að vera á því.

Hins vegar dylst nefndinni ekki, að nauðsyn ber til, að sett verði hið allra fyrsta lög um þetta efni, á þeim umbóta- og byltingatímum, sem nú eru, þar eð engin lög eru til hjer á landi um eftirlit með útlendingum.

Gert er ráð fyrir, að Alþingi eigi ekki langa setu að þessu sinni, og má því ekki tefja þau frv. lengi í nefndum, sem talið er nauðsynlegt að gangi fram á þinginu.

Nefndin vill því greiða sem best fyrir þessu frv. og ræður því háttv. deild að samþykkja það með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

1. Við 7. gr.

Fyrir orðin í upphafi greinarinnar:

»Hver sá, er gesti hýsir fyrir endurgjald«, komi:

Hver sá, sem gerir sjer það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti.

2. Við 12. gr.

Fyrir orðin: »Lög þessi öðlast gildi« komi:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Alþingi, 18. febr. 1920.

Sveinn Björnsson,
formaður.

Björn Hallsson,
skrifari.

Pjetnr Ottesen. Þorsteinn Jónsson. Sigurður Stefánsson.